

LEIFSSTAÐIR 2

Eyjafjarðarsveit

Verslunar- og þjónustusvæði

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI OG UMHVERFISSKÝRSLU

1. desember 2021



**TEIKNSTOFA
ARKITEKTA**

GYLFJ GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar fáí

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT.....	2
1.1	Skipulagssvæðið	2
2	FORSENDUR	3
2.1	Stadhættir	3
2.2	Fornminjar	6
2.3	Aðalskipulag Eyjafjardarsveitar 2018-2030.....	7
2.4	Landsskipulagsstefna 2015-2026.....	8
3	DEILISKIPULAG	9
3.1	Markmið	9
3.2	Meginatriði	9
3.3	Umferðarsvæði	10
3.4	Lóðir	10
3.5	Almennar gæðakröfur	10
3.6	Byggingarreitir.....	11
3.6.1	Íbúðarhús (Íb).....	11
3.6.2	Hótel (H)	12
3.6.3	Orlofshús (O)	12
3.6.4	Gistihýsi/gestahús (G).....	12
3.6.5	Aðstöðuhús – snyrtningar (A).....	13
3.7	Tjaldsvæði	13
3.8	Ofanvatn	14
3.9	Veitur	14
3.10	Sorp	14
3.11	Framkvæmdaleyfi	15
3.12	Byggingarleyfi	15
3.12.1	Vinnu- og sérteikningar.....	15
4	UMHVERFISSKÝRSLA	16
4.1	Staðreyndir og markmið	16
4.2	Aðliggjandi landnotkun	16
4.3	Umhverfismat	17
4.4	Vöktun	18
4.5	Samantekt	18
5	KYNNING OG AUGLÝSING	19
5.1	Lýsing	19
5.2	Samráðsfundur	19
5.3	Drög að deiliskipulagi	19
5.4	Kynning á drögum	19
5.5	Umsagnaráðilar	19
5.6	Auglýsing.....	19
5.7	Afgreiðsla athugasemda	19
5.8	Breytingar eftir auglýsingu	19
6	AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA.....	20
7	HEIMILDASKRÁ.....	21

1 YFIRLIT


Deiliskipulag þetta nær til hluta jarðar Leifsstaða 2 í Eyjafjarðarsveit og er unnið að beiðni landeigenda. Á Leifsstöðum er rekið hótel og síðustu ár hefur einnig verið rekinn þar golfvöllur. Nýir landeigendur hafa lagt niður golfvöllinn og hafa áform um að stækka hótelioð og fjölga gistimöguleikum s.s. með gistiþýsum, orlofshúsum og tjaldgistingu. Einnig er gert ráð fyrir að landeigendur/rekstraraðilar geti reist sér íbúðarhús og aðstöðuhús fyrir starfsfólk.

Skipulagsráðgjafar eru Lilja Filippusdóttir og Árni Ólafsson hjá Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með byggingar- og skipulagsskilmálum, skipulagsuppdráttur dags. 1.12.2021 og skýringaruppdráttur dags. 1.12.2021.

1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið afmarkast af landamörkum Brúarlands til norðurs, Leifsstaða til vesturs og Fífilgerðis til suðurs. Í austri eru mörk svæðisins dregin eftir núverandi skjólbelti, ofan þess er mólendi og við suðausturhornið er eignarlóð í eigu annarra. Eignarland Leifsstaða 2 eru 13,3 ha en skipulagssvæðið er 7,7 ha.



1. mynd. Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu.

2 FORSENDUR

2.1 STAÐHÆTTIR

Leifsstaðir 2 eru í Kaupangssveit, nokkuð þétri sveita- og frístundabyggð nyrst í Eyjafjarðarsveit. Þar stendur hús byggt árið 1930 auk viðbyggingar. Gamla íbúðarhúsið er rekið sem íbúðarhótel og í viðbyggingunni er matsalur og 7 herbergi. Einnig standa á svæðinu geymslur og reykhús. Í kringum húsið eru tún sem umvafin eru trjá- og runnagróðri. Einnig eru tjarnir, lækjarfarvegir og skurðir á svæðinu. Landhalli er um 13% með brattari hæðum innanum. Hæð yfir sjávarmáli er um 85-125 m.



2. mynd. Vesturhlið hótels.



3. mynd. Austurhlið hótelss.



4. mynd. Svæði sunnan hótelss. Fyrirhugað bílastæði.



5. mynd. Útsýni til suðurs frá tjaldsvæði



6. mynd. Útsýni til vesturs frá tjaldsvæði.



7. mynd. Séð frá íbúðarhúsalóð til suðausturs að byggingarreitum orlofshúsa.

2.2 FORNMINJAR

Deiliskráning fornminja var unnin sumarið 2019 með vettvangsferð og skráningu af Hákoní Jenssyni, fornleifafræðingi. Þrjár minjar voru skráðar en aðeins ein þeirra er innan skipulagssvæðis.



Nr.	Tegund fornleifa og hlutverk	Staða
2053-01	Tóft – Fjárhús/hlaða	Innan skipulagssvæðis. Veggjaleifar af gömlum fjárhúsum.
2053-02	Tóft – Bær	10 m norðan skipulagssvæðis. Greinilegar tóftir.
2053-03	Gerði – Sáðreitur	Norðan bæjartófta. Greinilegir veggir.

Friðhelgunarsvæði fornminja eru 15 m og er lína á skipulagsuppdrætti til skýringar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar skal stöðva framkvæmdir og skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

2.3 AÐALSKIPULAG EYJAFJARDARSVEITAR 2018-2030

Unnið er að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við uppbyggingaráform.



8. mynd. Updráttur úr tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Skipulagssvæðið er á reit VP4.

Kafli verður uppfærður með ákvæðum þegar aðalskipulag hefur verið samþykkt.

2.4 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Stefna skipulagsins styður eftirfarandi stefnumið landsskipulagsstefnunnar. Gerð er grein fyrir með hvaða hætti það er gert í undirmálgreinum.

- **Sjálfbær byggð í dreifþýli**
 - Umrætt land telst ekki gott landbúnaðarland s.s. vegna landhalla. Stefna skipulagsins styrkir samfélagið með þeim hætti að sköpuð er atvinna og efnisleg verðmæti á svæðinu.
- **Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi**
 - Áhersla er lögð á að viðhalda anda staðarins með því að styrkja ásýnd gamla hótelsins. Leitast er einnig við að fyrirhugaðar byggingar verði felldar vel að landslagi.

3 DEILISKIPULAG

3.1 MARKMIÐ

Markmið með skipulaginu er að opna möguleika á frekari uppbyggingu með fjölbreyttri gistibjónustu og þannig bæta rekstrargrundvöll þeirrar ferðaþjónustu sem nú er rekin á svæðinu.

Með skipulaginu er reynt að virkja þau umhverfisgæði sem svæðið býður uppá s.s. útsýni, landslag og núverandi gróður.

3.2 MEGINATRIÐI

Meginatriði skipulagsins eru:

- Ný heimreið að hótelinu.
- Viðbygging við hótelið til austurs með nýrri herbergjaálmu og nýju anddyri. Með stækjuninni er myndaður skjólgóður inngarður. Möguleg er áfangauppbygging viðbyggingar.
 - Hótel stækkar úr 400 m² í allt að 1.900 m² samtals. Grunnflötur byggingarreits er 730 m². Gert er ráð fyrir að gengið verði inn í móttöku á jarðhæð en herbergi verði á 1. og 2. hæð þar sem jarðhæð verður að hluta eða öllu leyti felld inn í brekkuna. Áætluð eru allt að 35 herbergi í heildina.
- Frá aðkomuvegi að hóteli verður hægt að aka um vegslóða að gistihýsum, íbúðarhúsum, orlofshúsum og tjaldsvæði.
- Allt að tíu 50 m² gistihýsi í brekku norðan hótelsins sem öll njóta útsýnis yfir dalinn.
- Tvö íbúðarhús, allt að 600 m² alls, á hæð ofan gistihýsanna. Þar er gott útsýni til allra átta. Stærð byggingarreits gefur gott svigrúm fyrir útfærslu.
- Þrjú orlofshús efst á skipulagssvæðinu, allt að 150 m² hvert.
- Tjaldsvæði, um 4.200 m², á tveimur túnspildum sem sléttan verður úr. Heimild er fyrir 50 m² snyrtihúsi. Mögulegt verður að aka út af tjaldsvæðinu til suðurs út á Leifsstaðaveg.
- Íbúðar-/starfsmannahús, allt að 250 m², verður við núverandi heimreið.
- Ofanvatni verður bæði veitt eftir nýjum og núverandi farvegum. Skurðbökkum verður breytt svo ekki skapist af þeim hætta. Vatni verður veitt í nýjar tjarnir sem verða mótaðar með það hlutverk að prýða svæðið og að geta tekið við leysingavatni og mikilli úrkomu.

Skipulagið gerir ráð fyrir að mögulegt verði að byggja upp svæðið á ca. 10 árum eða í takt við áform og eftirsurn. Fyrst er áætlað að reisa gistihýsin í áföngum á 3-4 árum, þá að stækka hótelið og loks byggja orlofshús og íbúðarhús.

3.3 UMFERÐARSVÆÐI

Núverandi heimreið verður notuð sem aðkomuvegur. Hún er 3 m á breidd. Gert er ráð fyrir vasa á heimreiðinni svo tveir bílar geti mæst á miðri leið.

Á uppdraett er einnig skilgreindur nýr aðkomuvegur, um 255 m langur og 5,5 m á breidd, sem gæti komið til uppbyggingar síðar.

Gert er ráð fyrir snúningshaus á planinu sem nýtist einnig sem sleppisvæði.

Á tveimur bílaplönum er gert ráð fyrir 31 stæði þar af 2 stæðum fyrir hreyfihamlaða. Rútustæði er skilgreint framan við núverandi hótel en það nýtist einnig 4 fólksbílum ef önnur stæði eru upptekin og hótel full bókað.

Vegslóðar, sem einnig eru göngustígur, eru samtals um 1.000 m langir. Þeir liggja að húsum og að og í gegnum tjaldflatir. Vegslóðarnir eru 3-5,5 m breiðir. Við gistihýsi er gert ráð fyrir 2,5 m breiðri öxl fyrir 1 samsíða bílastæði pr. íbúð.

Gera skal ráð fyrir hleðslu fyrir rafþíla.

3.4 LÓÐIR

Tvær lóðir eru skilgreindar innan landareignarinnar.

Lóð nr. 1 er stór lóð fyrir hótel, gistihýsi og orlofshús. Stærð lóðar er 69.995 m².

Lóð nr. 2 er fyrir tvö íbúðarhús. Mögulegt er að skipta lóðinni þegar fyrirkomulag húsa liggur fyrir og eignarhald breytist. Stærð lóðar er 7.050 m².

3.5 ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR

Lögð er áhersla á vandaða hönnun bygginga bæði hvað snertir innri gerð, form og útlit. Hafa skal í huga hagkvæmni, notagildi og gæði. Stefnt er að því að byggingar á svæðinu verði góð byggingarlist og myndi ákveðið samhengi og heild. Hús skulu felld að landi og taka mið af staðháttum.

Við afgreiðslu aðaluppdrátta og veitingu byggingarleyfa skal meta þessa þætti sérstaklega og er heimilt að hafna umsókn teljist hún ekki uppfylla almennar og sjálfsagðar kröfur að þessu leyti þó svo að viðkomandi hönnun uppfylli tæknilegar og mælanlegar kröfur reglugerða og skilmála að öðru leyti. Komi upp ágreiningur eða vafaatriði við afgreiðslu getur byggingarfulltrúi/sveitarstjórn leitað álits fagmanna við mat á þessum þáttum hönnunarinnar.

3.6 BYGGINGARREITIR

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsuppdætti og málsettir á mæliblaði eða á afstöðumynd með aðaluppráttum. Hús skulu standa innan byggingarreits. Þó mega þakbrúnir ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreit.


3.6.1 ÍBÚÐARHÚS (Íb)

Íb-1 Á byggingarreit íb-1 er gert ráð fyrir allt að **tveimur** íbúðarhúsum á tveimur hæðum.

Kvöð er um sameiginlega aðkomu og fráveitu að húsunum.

Stærð byggingarreits gefur rúma útfærslukosti.

Landhalli er á svæðinu svo mögulegt er að grafa niður neðri hæð byggingar að hluta og fella byggingar þannig að landi. Hámarkshæð bygginga eru 8 m frá gólfkóta jarðhæðar og hámarksbyggingarmagn eru 600 m^2 á reitnum.



9. mynd. Dæmi um hús sem fellt er að landi.


3.6.2 HÓTEL (H)

- H** Á byggingarreit H er leyfilegt að byggja við núverandi hótel eða reisa stakstæða byggingu allt að 1.500 m^2 eða 28 herbergi. Grunnflótur byggingarreits er 750 m^2 . Hámarkshæð byggingar frá gólfkóta jarðhæðar er 12 m.

Vegna landhalla er gert ráð fyrir að jarðhæð verði einhliða til móts við bílastæði en verði niðurgrafin til móts við brekkuna og inngarðinn. Einhliða jarðhæð getur mögulega nýst sem bakrými.

Gólfkóti nýbyggingar verði sá sami og jarðhæð núverandi hótelis.

Minniháttar útbyggingar s.s. kvistir og svalir eru heimilar á eldri byggingu þó ekki sé skilgreindur byggingarreitur um það.




10. mynd. Dæmi um snið í hótelbyggingu með nýbyggingu.

3.6.3 ORLOFSHÚS (O)

- O-1** Á byggingarreitum O-1,2 og 3 er heimild fyrir orlofshúsum. Hámarkshæð þeirra eru 5 m frá gólfkóta. Hámarksbyggingarmagn á hverjum reit er 150 m^2 .
- O-2**
- O-3**
- O-4** Orlofshús að hámarki 5 hátt frá gólfkóta. Hámarksbyggingarmagn er 80 m^2 .
- O-5** Hús með fjórum orlofsíbúðum. Bygging getur verið á einni hæð, stölluð eða á tveimur hæðum. Hámarkshæð byggingar eru 8 m frá gólfkóta. Hámarksbyggingarmagn er 170 m^2 .

3.6.4 GISTIHÝSI/GESTAHÚS (G)

- G** Tíu byggingarreitir eru fyrir gistihýsi/gestahús. Gert er ráð fyrir svefnaðstöðu, snyrtungum og eldunaraðstöðu og stofu í hverju húsi. Hámarkshæð þeirra eru 5,2 m frá gólfkóta. Hámarksbyggingarmagn á hverjum reit er 50 m^2 .




11. mynd. Dæmi um aðlögun aðkomuvega og gistihýsa að landi.

3.6.5 AÐSTÖÐUHÚS – SNYRTINGAR (A)

- A Á fyrirhuguðu tjaldsvæði er gert ráð fyrir aðstöðuhúsi með a.m.k. tveimur fullbúnum snyrtungum, þar af einni fyrir fatlaða, og vaski til uppbvotta. Hámarksstærð byggingar eru 20 m² og hámarkshæð 4 m yfir gólfkóta.

3.7 TJALDSVÆÐI


Mögulegt er að útbúa tvær tjaldflatir úr núverandi túnspildum með landmótun. Eina um 2.400 m² að stærð og aðra um 1.800 m². Vegslóði mun liggja frá afgreiðslu hótelss í gegnum flatirnar og út á heimreið Fífilgerðis og Króksstaða.



12. mynd. Dæmi um mótnu á tjaldflöt með skeringu og fyllingu á núverandi túni.

3.8 OFANVATN

Lækir, skurðir og tjarnir eru víða á svæðinu. Gert er ráð fyrir að breyta skurðbökkum svo ekki skapist af þeim hætta og útbúa nýja farvegi og tjarnir.



13. mynd. Dæmi um frágang skurða og lækjarfarvega.

Í skipulaginu er lögð fram tillaga að fyrirkomulagi á meðhöndlun ofanvatns.

- Vatni úr drenlögnum við húsgrunna og rigningarvatni frá nýjum húsum verði veitt í opna farvegi.
- Nýr farvegur verði mótaður sunnan við fyrirhuguð gistihýsi.
- Nýr farvegur verði mótaður austan við fyrirhugaða hótelbyggingu sem mun skiptast í tvennt og renna annars vegar í gegnum hótelgarðinn og hins vegar til suðurs í læk.
- Neðan við hótelíð og ofan við nýja heimreið verði mótuð tjörn sem taka mun við vatni úr nýjum farvegum. Það mun einnig geta tekið við vatni í leysingum og í mikilli úrkому.

3.9 VEITUR

Norðurorka sér svæðinu fyrir heitu og köldu vatni. Ekki er nægt vatn til að anna stækkun á hótelinu m.v. núverandi kerfi en uppbygging verður unnin í samráði við Norðurorku.

Rarik sér svæðinu fyrir rafmagni.

Eitt hreinsivirki er fyrir núverandi hótel. Gert er ráð fyrir að allt skipulagssvæðið tengist stækkuðu/nýju hreinsivirki. Útfærsla nýs hreinsivirkis skal vera lífræn skólphreinsistöð sem byggir á loftun (t.d. *Demantur*) með grjótsvelg eða sambærileg/betri lausn.

Stefnt er að því að aðgreina grávatn og svartvatn frá nýjum byggingum til þess að minnka álag á rotþró.

Ef litið er til framtíðar er æskilegt að fráveita frá hótel og smáhýsum tengist fráveitukerfi fyrirhugaðs íbúðarsvæðis í Brúarlandi (merkt ÍB16 í Aðalskipulagi Eyjafjarðar 2018-2030).

Fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

3.10 SORP

Gert er ráð fyrir sorpgánum norðan við hótel við aðkomuveg. Við íbúðarhús og starfsmannahús skulu vera tvö sorpílát við hvert hús.

3.11 FRAMKVÆMDALEYFI

Áður en framkvæmdir hefjast við gerð vega skv. skipulaginu þarf að sækja um framkvæmdaleyfi hjá sveitarféluginu. Í umsókn um framkvæmdaleyfi skal m.a. lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum, eðli og umfangi þeirra, áætla framkvæmdatíma, skila inn yfirlitsuppdrætti, afstöðumynd og hönnunargögnum.

3.12 BYGGINGARLEYFI

Aðaluppdrættir skulu vera í samræmi við meginmarkmið deiliskipulagsins, skilmála þess, byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.

Á aðaluppdrætti skal rita efnis- og áferðarlýsingu þar sem viðkomandi mannvirkjum er lýst s.s. burðarvirkjum, ytri frágangi og efnis- og litavali.

Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir lóðarhönnun, núverandi og fyrirhugaðri landhæð lóðar og helstu hæðarkótum. Lóðarhæðir á lóðamörkum skulu sýndar á sniðum og útlitsmyndum eftir því sem við á.

Lega allra lagna skal sýnd á afstöðumynd.

Stærðir skulu tilgreindar í skráningartöflu sem skila skal á rafrænu formi. Að öðru leyti vísast til kafla 4.3 í byggingarreglugerð (nr. 112/2012 m.s.br.).

3.12.1 VINNU- OG SÉRTEIKNINGAR

Sérteikningum skal skila með undirskrift hönnunarstjóra til byggingarfulltrúa til áritunar sbr. grein 4.1.2. í byggingarreglugerð.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Að mati Skipulagsstofnunar (tölvupóstur dags. 03.03.2020) falla fyrirhugaðar framkvæmdir undir tölulið 12.05 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000:

þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótel og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.

Framkvæmdaraðili skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd og mun Skipulagsstofnun taka ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

4.1 STAÐREYNDIR OG MARKMIÐ


Skipulagssvæðið er með um 13% landhalla. Golfvöllur var gerður á gömlum framræstum túnum. Töluberð gróðursetning trjá- og runnagróðurs hefur átt sér stað á svæðinu. Í Aðalskipulagi Eyjafjarðar 2018-2030 er skilgreining á góðu landbúnaðarlandi m.a. að landhalli sé minni en 12% og að landbúnaðarland nái 1 ha. Skipulagssvæðið telst því ekki vera gott landbúnaðarland.

Leifsstaðir er sveitahótel með landsbyggðareiginleika en í nánd við þéttbýli og þjónustu. Fjarlægð Leifsstaða frá miðbæ Akureyrar eru 5,9 km en þar er alþjóðaflugvöllur, sjúkrahús og fjölbreytt þjónusta.

Markmið skipulagsins er m.a. að byggja upp fjölbreytta gistimöguleika. Uppbyggingin mun styrkja rekstrargrundvöll hótelsins. Að óbreyttu má gera ráð fyrir stöðnun á rekstri þjónustuaðila.

4.2 AÐLIGGJANDI LANDNOTKUN

Aðliggjandi skipulagssvæðinu er landbúnaðarland í suðri, íbúðarsvæði í vestri og verslun og þjónusta auk íbúðarsvæðis í norðri. Áhrif af uppbyggingunni og starfseminni eru talin óveruleg og samræmast framtíðaráformum um landnýtingu aðliggjandi svæða.



14. mynd. Skipulagsuppráttur lagður ofaná breytt aðalskipulag.

4.3 UMHVERFISMAT

Við vinnslu skipulagsins voru valdir umhverfisþættir sem líklegir voru til að verða fyrir áhrifum með framfylgd skipulagsins og áhrif á þá metin. Áhrif eru metin sem jákvæð (+), neikvæð (-), óveruleg (0) eða óviss (?).

Áhrifavaldaðar		Umhverfisþættir						Landslag/ásýnd
		Vatnafar	Gróður og dýralíf	Efnahagur og atvinnulíf	Byggð og efnisleg verðmæti	Fornleifar		
	Uppbygging ferðapjónustubygginga	0	0	+	+	0	+	-
	Landmótun vegna ofanvatns	+	0	0	0	0	+	
	Landmótun vegna tjaldsvæðis	0	0	+	0	0	0	
	Íbúðar- og starfsmannahús	0	0	0	+	0	0	

Vatnafar

Landmótun vegna ofanvatns er fyrirhugað þannig að núverandi skurðbakkar verða gerðir meira aflíðandi og farvegir fái náttúrulegt yfirbragð. Regn- og jarðvatni verði stýrt frá húsagrunnum og veitt í fleiri farvegi en nú og svigrúm gefið til uppsöfnunar í tjörnum til að taka við vatni í leysingum og mikilli úrkomu. Þannig er dregið úr hættu á flóðum t.d. í vorleysingum. Áhrif af skipulaginu eru því talin vera jákvæð.

Gróður og dýralíf

Engin áhrif eru talin verða á gróður og dýralíf frá núverandi stöðu. Tekið verður mið af núverandi trjá- og runnagróðri sem er hluti af umgjörð svæðisins.

Efnahagur og atvinnulíf

Uppbygging ferðapjónustu á svæðinu er talin hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf. Framboð þjónustu verður fjölbreytt sem ætti að ná til ólíkra markhópa.

Byggð og efnisleg verðmæti

Sú uppbygging sem mun eiga sér stað mun auka efnisleg verðmæti á staðnum.

Fornleifar

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru allar utan friðhelgunarsvæðis fornleifa.

Landslag/ásýnd

Gert er ráð fyrir töluverðri uppbyggingu á svæðinu sem breytir yfirbragði þess.

Gamla hótelinu er gert hátt undir höfði og mun það áfram vera „andlit“ staðarins. Breytt aðkoma gerir það að verkum að umferð er dregin frá framhlið hússins og ný viðbygging getur risið bakatil.

Þyrring af gistihýsum er slitin frá hótelinu og mun mynda ákveðna heild. Norðan við þyrringuna er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á aðliggjandi landi. Það má því búast við frekari uppbyggingu í landi Brúarlands.

Íbúðarhús og orlofshús eru í rjóðrum og landslagsrýmum sem mótaðir eru gróðri og landslagi.

Áhrifin geta talist jákvæð að því leyti að áfram verður áhersla lögð á sveitayfirbragð á svæðinu en neikvæð af því yfirbragð landbúnaðarlands mun breytast.

4.4 VÖKTUN

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktunaráætlun vegna skipulagsáformanna.

4.5 SAMANTEKT

Uppbygging skv. skipulagsáætlun mun hafa jákvæð áhrif á efnahag og efnisleg verðmæti með uppbyggingu og atvinnusköpun. Mælikvarði áætlunarinnar er í samræmi við kvarða aðliggjandi landnotkunarflokkum en þar er gert ráð fyrir verslun og þjónustu (hótelstarfsemi), íbúðarbyggð (um 60 íbúðir) og frístundabyggð (31 hús).

Ekki er talin ástæða til að fjalla ítarlega um aðra valkosti en ef lítið er á nállkost má gera ráð fyrir stöðnun rekstraraðila líkt og áður kemur fram.

Við staðarval gistihýsa var lítið til þess að verslun og þjónusta er áætluð norðan þeirra, íbúðarsvæði er áætlað norðan íbúðahúsanna tveggja, óbyggt svæði austan orlofshúsa og landbúnaðarland sunnan tjaldsvæða. Það liggur því vel við að raða fyrirhugaðri starfsemi niður á landspilduna í samræmi við landnotkun á aðliggjandi svæðum.

5 KYNNING OG AUGLÝSING

5.1 LÝSING

Unnin var lýsing á skipulagsverkefninu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem send var Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum. Lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi var kynnt í nóvember 2019. Athugasemdir bárust frá Umhverfisstofnun og Norðurorku og var brugðist við þeim með viðeigandi samráði.

5.2 SAMRÁÐSFUNDUR

Þann 8. apríl 2021 var haldinn fundur verkkaupa, skipulagsráðgjafa og starfsmanna Norðurorku vegna vatnsveitu að Leifsstöðum. Niðurstaða fundarins var sí að Norðurorka myndi gera áætlun um öflun vatns á svæðið í samræmi við áfangaskiptingu uppbyggingsáforma.

5.3 DRÖG AÐ DEILISKIPULAGI

Drög að deiliskipulagi voru kynnt skipulagsnefnd 03.06.2021.

5.4 KYNNING Á DRÖGUM

Drög að deiliskipulagi voru kynnt á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar þann 07.06.2021.

Tillaga að deiliskipulagi var samþykkt til auglýsingar í skipulagsnefnd _____ og í sveitarstjórn _____.

5.5 UMSAGNARAÐILAR

Eftirtöldum umsagnaraðilum var send tillagan til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Norðurorka
- Rarik
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

5.6 AUGLÝSING

Deiliskipagstillagan var auglýst með athugasemdahesti frá _____ til _____. ____ athugasemdir bárust.

5.7 AFGREIÐSLA ATHUGASEMDA

Skipulagstillaga var afgreidd á fundi skipulagsnefndar _____.

Athugasemdir, sem bárust á auglýsingatíma gáfu (ekki) tilefni til breytinga á skipulagstillöggunni.

5.8 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

6 AFGREIÐSLA OG GILDISTAKA

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____ 2021.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulagsnefnd þann _____
og í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann _____

sveitarstjóri

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

7 HEIMILDASKRÁ

Hákon Jansson. 2019. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Leifsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit.*
Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Akureyri.